

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni er stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og skal leggja til fundar- og starfsaðstöðu, en frá upphafi hefur vinna nefndarinnar þó að mestu farið fram í fjarvinnu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Áformað er að Kjaratölfræðinefnd gefi út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti, og er þetta þriðja skýrsla nefndarinnar. Skýrslan skiptist í þrjá meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, og launaþróun sem flokkuð er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda. Í umfjölluninni er áherslan á þá kjaralotu sem senn er að ljúka, þ.e. tímabilið frá undirritun Lífskjarasamningsins í apríl 2019 til maí og júní 2021.

Í lok september 2021 höfðu 326 kjarasamningar verið endurnýjaðir í yfirstandandi kjaralotu og hafði fjölgað um sex frá miðjum apríl þegar síðasta skýrsla kom út.

Helstu nýjungar í skýrslunni eru:

- Upplýsingar um breytingar grunntímakaups eru birtar eftir áhrifum vinnutímabreytinga og annarra launabreytinga. Sú sundurliðun sýnir að áhrif styttingar vinnutíma eru mun meiri á opinbera vinnumarkaðnum en þeim almenna.
- Greining á launaþróun ASÍ á almennum markaði er nú skipt niður í þrennt, eftir Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Starfsgreinasambandinu og iðnfélögum.
- Allir launþættir eru nú sundurliðaðir milli karla og kvenna. Laun kvenna hækkuðu í flestum tilfellum meira en laun karla á samningstímabilinu. Mánaðarlaun karla eru almennt hærri en kvenna, nema innan Kennarasambandsins þar sem staðan er jafnari.
- Þá er launastig og launaþróun á Íslandi sett í alþjóðlegt samhengi.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað mjög gott samstarf við undirbúning skýrslunnar og ber helst að nefna Margréti Kristínu Indriðadóttur, deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands, Önnu Sigríði Halldórsdóttur, fagstjóra, auk sérfræðinganna Kristínar Arnórsdóttur, Margrétar Völu Gylfadóttur, Óðins Þórs Kjartanssonar og Reynis Leví Guðmundssonar. Nefndin þakkar einnig Ara Skúlasyni og Magnúsi Vali Pálssyni fyrir vinnu við ritun og umbrot skýrslunnar.